




# Að breyta bakgrunni í Android tæki



Í snjalltækjunum er bakgrunnurinn/veggfóðrið oft einhver mynd eða mynstur. Sumum hentar betur að vera með einlitan bakgrunn sem getur aukið andstæður í litum á táknum fyrir smáforritin.

Til að breyta bakgrunninum er farið í **Stillingar** → **Veggfóður og stíll**



Þar er farið neðst á síðuna í **Skoða fleiri veggfóður**

Þar þarf svo að leita eftir þeim lit sem maður vill, t.d. black solid eða white solid, og hlaða því niður. Kemur oftast sem fyrsti valmöguleiki. Smelltu á myndina og í næsta glugga smellirðu á **sækja**.



Síðan er hægt að velja hvort nota eigi bakgrunninn fyrir Lásskjá (myndin sem kemur upp þegar kveikt er á skjánum), Heimaskjá (myndin með forritunum) eða bæði fyrir Lásskjá og Heimaskjá.

